



Félags- og húsnæðismálaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. mars 2026

Þann 19. janúar sl. sendi umboðsmaður barna félags- og húsnæðismálaráðuneytinu erindi þar sem óskað er eftir upplýsingum um þjónustu við börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd, svar frá ráðuneytinu barst 2. mars. Í svari ráðuneytisins kemur fram að börnum sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd standi almennt ekki til boða að sækja leikskóla, frístundir eða tómstundir. Umboðsmaður barna hefur verulegar áhyggjur af stöðu þessara barna og telur áriðandi að ráðuneytið endurskoði þjónustu við börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Við útfærslu á þjónustu við börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd er ekki fullnægjandi að líta eingöngu til 33. gr. laga um útlendinga því börn eiga réttindi samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 19/2013. Í lögum nr. 19/2013 kemur fram að tryggja beri hverju barni á Íslandi þau réttindi sem kveðið er á um í Barnasáttmálanum, án mismununar af nokkru tagi. Það á við um rétt barna til menntunar skv. 28. gr. og rétt þeirra til að njóta tómstunda skv. 31. gr. Barnasáttmálans. Þá ber stjórnvöldum jafnframt að tryggja öllum börnum jöfn tækifæri til lífs og þroska í samræmi við 6. gr. sáttmálans.

Að mati umboðsmanns barna samræmist það ekki 2., 6., 28. og 31., gr. Barnasáttmálans að börnum sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd standi ekki til boða að sækja leikskóla, frístund og tómstundir. Réttindi barnanna samkvæmt ákvæðum Barnasáttmálans eiga ekki að vera háð stöðu barnanna eða foreldra þeirra og ekki því hvort þau séu komin með vernd eða ekki. Það ætti að vera forgangsatriði að koma börnunum í leikskóla enda er leikskólinn fyrsta skólastigið samkvæmt lögum þó að ekki sé um skyldubundið nám að ræða. Það hefur grundvallarþýðingu fyrir þroska og velferð allra barna að fá menntun og að geta tekið þátt í frístunda- og tómstundastarfi. Þá hefur það einnig afgerandi þýðingu fyrir aðlögun þeirra barna sem fá hér vernd að þau komist sem fyrst inn í íslenskt samfélag, geti sótt leikskóla og tekið þátt í öllu því öflugra frístunda- og tómstundastarfi sem hér er í boði.

Árið 2022 beindi Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna þeim tilmælum til Íslands að tryggja m.a. að íþrótt- og tómstundastarf sé fyrir hendi og aðgengilegt börnum sem eru í leit að alþjóðlegri vernd. Það er mikilvægt að brugðist sé við tilmælum alþjóðlegra eftirlitsaðila enda er það hluti af innleiðingu Barnasáttmálans.

Í erindi umboðsmanns barna frá 19. janúar var óskað eftir svörum frá ráðuneytinu eftir atvikum, með atbeina Vinnumálastofnunar, um það með hvaða hætti mat hafi verið lagt á bestu hagsmuni barna þegar ákvörðun var tekin um að rifta samningum við Hafnarfjörð, Reykjavík og Reykjanesbæ og færa þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd alfarið yfir til Vinnumálastofnunar. Þá var jafnframt óskað eftir upplýsingum um hvernig ráðuneytið telji það samræmast 2. gr. Barnasáttmálans að þessum hópi barna standi ekki til boða að sækja leikskóla, frístundaheimili og tómstundir. Í svari ráðuneytisins er ekki að finna svör við þessum spurningum en samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna